

## Byggingalýsing.

### Almennt.

Gótuheiti : Víðibrekka 38  
Landnúmer : 205685  
Staðgreinir : 8719-1-24300380

### Lýsing.

Sumarhúsið er nýbygging sem er staðsett við Víðibrekku, lóð nr.38 í landi Búrfells í Grímnæs og Grafningshreppi. Brúttóstærð er 150,1 m<sup>2</sup>. Lóð er 8230 m<sup>2</sup>.

### Sökkull og Plata.

75mm plasteinangrun 16kgm<sup>3</sup> kemur inná sökkla en 100mm plasteinangrun 24kgm<sup>3</sup> undir plötu. Sökkklar og plata eru staðsteypt.

### Útveggir.

Burðarvirki útveggja, fura/greni flokkur T1 er timburgrind í einingum, klæddar með gufuopnum furukrossvið til stýfingar. Utan á timburgrind kemur loftræst standandi harðviðarklæðning. Loftræst bil skal vera að lágmarki 22mm, c.c 400/600, með 6-9mm krossvið búta (eða sambærilegt) undir loftræsta bilið (grindina) til að tryggja óhindrað loftflæmi og minnka rakasófnun. Einnig skal setja músanet að neðan allan úthringinn.

Einangrun útveggja er 150mm þéttull. Að innan kemur rakavarnarlag polplast eða (sambærilegt) tryggt skal að öll samskeyti séu þétt. Lagnagrind er fura/greni 34\*48mm C/C 400-600, og loks klæðning í flokki 2. Sjá nánar í verkfræðiteikningum.

### Þakvirki.

Burðarvirki þaks er byggt upp með Límtrésbitum fura/greni C/C 400-600mm sem sperrur, timbur er í flokki T1. Þak er einangrað með 220mm steinullareinangrun með vindvörn. Að ofan eru þaksperrur gisklæddar með 25\*150mm timburborðaklæðningu (5mm rifa) ásamt Ábræddum 1mm þakpappa eða PVC 1mm þakdúk. Neðan á kraftsperru kemur polplast rakavarnarlag eða (sambærilegt), með 34\*48 lagnagrind C/C 400-600 og loks klæðning í flokki 2. Í hvert sperrubíl skal setja 3 stykki 40mm loftunarrör til að tryggja lágmarks öndun á þaki samkvæmt byggingareglugerð. Þök sem eru undir 14° skulu hafa þakpappa með þéttum samskeytum (bræddum eða límd) Sjá nánar í verkfræðiteikningum.

### Gluggar og Hurðar.

Gluggar eru Álguggar eða plastgluggar Gönguhurðar eða álhurðar eða plasthurðar. Opnanleg fög eru álprófilar eða plastprófilar Björgunarop eru í svefnherbergjum.

### Frágangur innanhúss

Burðarveggir innanhúss eru timburveggir samkvæmt teikningum frá verkfræðing. Löttir innvegir eru hefðbundnir gipsveggir, leiðara og stoðir úr blíkki klæddir með 13mm harðgipsi eða hefðbundnir timburveggir, 45\*95mm timburstoðir klæddar með furu/grenipanel. Veggir í votrymum og geymslum skulu vera klæddir með rakaheldum spónaplötum (eða sambærilegt). Innhurðar og innréttingar eru hefðbundnar í ljósum lit. Hurðarblað skal vera 80\*200 að lágmarki.

### Burðarvirki og festingar

Allt burðarvirki og allar festingar skal vera samkvæmt teikningum frá verkfræðing.

### Lagnir.

Neyslúvatnslagnir eru í gólfplötu með idráttarörum eða í útveggjum. Hitagagnir eru gólfhitagagnir í steyptar í gólfplötu. Um er að ræða hitun með hitaveituvatni. Frárennslislagnir fyrir húsið tengjast rotþró á lóð sumarhússins. Frárennslislagnir regnvatns af þökum tengjast í þúkk á lóð sumarhússins. Allt lagnaefni skal vera gæðavottað af viðurkenndum aðilum.

### Setlaug.

Setlaug skal vera með læstu loki. Barmur setlaugar skal vera amk 40 cm yfir göngusvæði umhverfis setlaug.

### Útsetning og hæðarsetning

Hæðarkótar eru ekki þekktir. Nánari útsetning og hæðarsetning byggingar tekur mið af öðrum byggingum á svæðinu og skal gerð í fullu samráði við byggingafulfrúa og landeiganda.

### Kólnunartölur s.k.v. byggingarreglugerð.

Gluggar og karmar	U - gildi = 3,0 w/m <sup>2</sup> °C
Útveggir.	U - gildi = 0,3 w/m <sup>2</sup> °C
Þak.	U - gildi = 0,2 w/m <sup>2</sup> °C
Botnplata.	U - gildi = 0,3 w/m <sup>2</sup> °C

### Kólnunartölur byggingahluta s.k.v. útreikningum.

Gluggar og karmar	U - gildi = 1,9 w/m <sup>2</sup> °C
Útveggir.	U - gildi = 0,27 w/m <sup>2</sup> °C
Þak.	U - gildi = 0,19 w/m <sup>2</sup> °C
Botnplata.	U - gildi = 0,26 w/m <sup>2</sup> °C

### Helstu stærðir.

Sumarhús	140,1 m <sup>2</sup>
Sumarhús	560,2 m <sup>2</sup>
Lóð	82300 m <sup>2</sup>
Nýtingahlutfall	0,020
Bílastæði	2 talsins



Afstöðumynd  
1 : 500



## Pro-Ark Teiknistofa

Víðibrekka 38

4-15-057

Útgáfa 1

Afstöðumynd

Eiríkur Vignir Pálsson BFÍ Kt: 010975-4179

Kjartan Sigurbjartsson BFÍ Kt: 190275-5319

Teikn. Guðjón

Dags. Maí 2016

Mkv. 1:500

Blaðast. A2

A-001